

## Kennsluáætlun - haust 2024

### 5. - 7. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Raket Anna Boulter

#### Markmið:

- Að nemandi geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi ásamt því að taka þátt í samræðum og rökræðum við bekkjarfélag.
- Að nemendi geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Að nemendi geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Að nemandi geti lesið sér til ánægju og fróðleiks.
- Að nemandi efli lesskilning, orðaforða og málskilning.
- Að nemandi geti lesið texta við hæfi með góðum hraða.
- Að nemendi geti lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þ.á.m. þjóðsögur, ljóð og bókmenntir fyrir börn og unglinga.
- Að nemendi geti greint og fjallað um aðalatriði í texta, helstu efnisorð og nýtt mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Að nemandi þekki bókmenntahugtök á borð við upphaf, miðju, endi, boðskap, tíma, umhverfi og persónusköpun.
- Að skrifa læsilega og ná tökum á tengiskrift.
- Að nemandi þekki helstu reglur stafsetningar, skrifi texta rétt eftir upplestri og geti nýtt sér helstu stafsetningarreglur.
- Að nemandi nái tökum á ýmsum málfræðipáttum.
- Að nemandi þekki algeng orðasambönd, orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli.
- Að nemandi geti nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnagrunnum um mál.
- Að nemandi sinni heimalestri 5 sinnum í viku.

#### Kennsluáætlun/vinnulag:

- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna
- Unnið eftir vikuáætlunum
- Leiðsagnarnám
- Stigbreyttar kröfur í öllum verkefnum

#### Námsmat:

- Lesfimi: leshraði og nákvæmni (viðmið fyrir 5. bekk: 90 orð á mínútu, fyrir 6. bekk: 105 orð á mínútu, fyrir 7. bekk: 120 orð á mínútu)
- Orðarún – lesskilningspróf
- Verkefni
- Símat, kannanir og próf
- Leiðsagnarmat
- Virkni og vinnubrögð í tímum

#### Námsgögn:

- Lífið í Ásgarði, lestrarbók
- Fyrsti, annar og þriðji Smellur, vinnubók í lesskilningi
- Góður – betri – bestur, skriftarbók
- Orðspor 1, 2 og 3, lesbók og vinnubók
- Málrækt, vinnubók í málfræði og stafsetningu
- Lesskilningsefni
- Námsvefir og ýmis gögn frá kennara

### **1. Lota: Lestur og bókmenntir**

Upprifjun úr *Óðinn og bræður hans*. Við byrjum að lesa *Lífið í Ásgarði*. Kynnumst bókmenntahugtökum og vinnum æfingar í lesskilningi í *Smelli*.

### **2. Lota: Ritun**

Áhersla á skriftaræfingar í *Góður-betri-bestur* ásamt ritunarverkefnum til að æfa sjálfstæðar frásagnir í rituðu máli.

### **3. Lota: Málfræði**

Förum yfir reglur í málfræði og vinnum æfingar í *Málrækt*.

### **4. Lota: Hlustun og lesskilningur**

Höldum áfram að vinna í *Smelli*, æfum hlustun og lesskilning.

Í lok hvernar lotu skila nemendur verkefni.